

Ísafjarðarbær
B.t. Þórdísar Sífjar Sigurðardóttur
Pósthólf 56
400 Ísafjörður

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Selvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is


Reykjavík 14. mars 2018
Tilv.: SRN18010053/3.0


Efni: Vetrarþjónusta á Ingjaldssandi

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vísar til erindis Ísafjarðarbæjar frá 9. janúar 2018 þar sem send var krafa bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um að ráðuneytið tryggi lágmarkssamgöngur við lögbýlin á Ingjaldssandi og G-snjómokstursregla Vegagerðarinnar nefnd í því sambandi.

Ráðuneytið hefur leitað umsagnar Vegagerðarinnar um málið og fylgir hún hér með. Að mati Vegagerðarinnar kemur G-snjómokstursreglan ekki til greina í þessu sambandi. Ráðuneytið tekur undir það mat Vegagerðarinnar. Vegagerðin sér um að tryggja samgöngur á vegum eftir almennum reglum þar um. Að öðru leyti hefur ráðuneytið hvorki fjármuni né önnur úrræði til að veita aðstoð í aðstæðum sem þessum.

Fyrir hönd ráðherra


Þigurbergur Björnsson


Íris Huld Christersdóttir

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ	
Mí. 3.0	Ábm. 5B
Innk.	19. FEB. 2018
SRN	18010053



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sigurbergur Björnsson
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2018
Tilvisun: 2017110039
EP/HrH
Tilv. ykkar: SRN18010053/3.0

Efni: Vetrarþjónusta á Ingjaldssandi

Varðar vetrarþjónustu á Ingjaldssandsvegi, vegi nr. 624 köflum 02 til 05 frá Núpi í Dýrafirði að Sæbóli á Ingjaldssandi. Vegakaflinn, um 20 km langur héraðsvegur, er þjónustaður samkvæmt reglum og fellur ekki undir vetrarþjónustureglur Vegagerðarinnar. Almennt er vetrarþjónusta á héraðsvegum á hendi sveitarfélaga þótt á því geti verið undantekningar (vegir sem áður voru tengivegir þegar héraðsvegir urðu til). Vegakaflinn er að lengstum hluta hlykkjóttur fjallvegur sem liggur að hluta til í yfir 500 metra hæð. Þjónusta Vegagerðarinnar hefur verið fölginn í opnun og lagfæringum á vegarkaflanum á vorin þegar snjóá leysir.

G-regla Vegagerðarinnar sem vísað er til í bókun Ísafjarðarbæjar er svohljóðandi:

Heimilt er að moka tvo daga í viku haust og vor á meðan snjólétt er. Haustímabil er skilgreint til 1. nóvember og vortímabil frá 20. mars. Ástandið er skilgreint "snjólétt" þegar um er að ræða lítið snjómagn og færðarástand telst hvergi ófært, þungfært eða þæfingur á viðkomandi leið og þegar þjónustuaðgerðin felst eingöngu í hreinsun akbrautar með snjómokstursbíl.

Heimilt er að moka vegi sem falla undir G-reglu einu sinni í viku fram til 5. janúar á kostnað Vegagerðarinnar og eftir það einu sinni í viku að beiðni og gegn helmingagreiðslu frá sveitarfélagi þannig að fært sé fyrir fjórhjóladrifin ökutæki og/eda þegar kostnaður við þann mokstur er að jafnaði ekki meiri en þrefaldur sá kostnaður sem til fellur þegar leiðin telst snjólétt. Vegagerðin metur hvort viðkomandi mokstur sé raunhæfur m.t.t. notagildis og kostnaðar.

Umráðdan vegarkafila er ekki unnt að þjónusta með venjulegum snjómokstursbíl og þyrfti að nota til þess önnur tæki. Venjubundin opnun að vori hefur verið framkvæmd með hjólaskóflum og eftir þörfum blásara. Í vorleysingum er vegurinn með laklegt burðarástand. Vegagerðin telur að mokstur samkvæmt G-reglu á slíkum fjallvegi yrði fljótt kostnaðarsamur og óraunhæfur þar sem hann nýtist fáum. Einnig sé óraunhæft að moka veginn snemma í vorleysingum.

Aftur skal ítrekað að Vegagerðin er almennt ekki með vetrarþjónustu á héraðsvegum. Nefna má að þjóðvegakerfið í heild er tæplega 13.000 km langt og af því eru héraðsvegir um 2.650 km. Af þessum 13.000 km hafa aðeins 5.300 km reglubundna vetrarþjónustu og 2.600 km takmarkaða þjónustu (helmingamokstur).

Virðingarfyllt,

Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri